


# Gæfulestur

Freistaðu gæfunnar

og lestu heima!



Kæru foreldrar

Lestrarteymi Hólabrekkuskóla hefur ákveðið að setja af stað lestrarátak í skólanum, frá 9. - 23. nóvember 2018. Tilgangur þess er meðal annars að hvetja nemendur og foreldra til að sinna heimalestri.

Við viljum minna á mikilvægi samvinnu heimila og skóla þegar kemur að lestrarnámi barnanna. Foreldrar gegna lykilhlutverki í lestrarnámi barna sinna og hefur viðhorf þeirra mikil áhrif á þróun lestrarfærni hjá barninu. Það er mikilvægt að foreldrar séu góðar fyrirmyndir og geri heimalesturinn að eðlilegum þætti í daglegu lífi.

Með lestrarátakinu getur nemandi unnið sér inn gæfumiða fyrir að sinna heimalestri samkvæmt lestrarstefnu skólans.

## Markmið:

- Hvetja nemendur og foreldra til heimalesturs
- Jákvæð endurgjöf kennara til nemenda
- Stuðla að félagslegri hvatningu t.d. með spilum

## Framkvæmd:

Nemandi fær einn gæfumiða fyrir að uppfylla alla þessa þætti:

- lesa heima 5-7 sinnum í viku, 15 mínútur í senn
- skrifa orð í hverja línu í orðasafninu í heimalestrarheftinu
- gera tímatökuna í heimalestrarheftinu

Miðinn fer í sameiginlegan pott og þegar ákveðnum miðafjölda er náð er einn gæfumiði dreginn vikulega í hverjum bekk fyrir sig. Getu nemendur til dæmis unnið: spilastund fyrir bekkinn, frjálсан leik úti eina kennslusund með bekknum, poppað með kennara o.s.frv.

Með von um jákvæðar undirtektir og öflugan heimalestur ☺

Kærar kveðjur,

Læsissteymi Hólabrekkuskóla

Navn:
F R E I S T A Ð U
G Æ F U N N A R
